

Umhverfis orku og loftslagsráðuneytið
Borgartún 26
106 Reykjavík

Sent í gegn um samráðsgátt



Ungir
Umhverfissinnar



LANDVERND
ICELANDIC ENVIRONMENT ASSOCIATION

Umsögn við þriðju uppfærslu aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök

Ungir umhverfissinnar

Reykjavík 22.09.2024

Landvernd og Ungir umhverfissinnar hafa beðið eftir uppfærðri aðgerðaáætlun í loftslagsmálum síðan stjórnvöld færðu fregnir af því að markmiðið yrði uppfærð í 55% samdrátt í samfloti með Noregi og ESB.¹ Samtökin fagna því að uppfærð aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda hafi loks litið dagsins ljós.

Þó aðgerðaáætlunin innihaldi mun fleiri aðgerðir en fyrri áætlanir er langt í land með að raungera fjölda þeirra. Að auki er alls óljóst hvort aukinn fjöldi aðgerða muni skila auknum árangri þar sem fyrri aðgerðaáætlanir virðast ekki hafa skilað markverðum samdrætti til þessa heldur hefur heildarlosun Íslands nánast staðið í stað undanfarin ár. Þetta þarf nú að breytast.

Fjöldi er ekki það sama og fjármagn

Magn aðgerða á hugmyndastigi (66 af 150) og aðgerða sem skortir fjármögnun (82 af 150) í nýrri áætlun er einnig áhyggjuefni því þegar hefur mikill tími tapast við aðgerðaleyssi og er brýnt að aðgerðum sé úthlutað fjármagn og þær fari í framkvæmd sem allra fyrst. Einnig er brýnt að framkvæmd verði ítarleg kostnaðar- og ábatagreining fyrir uppfærða aðgerðaáætlun líkt og var gert sumarið 2022 fyrir aðgerðaáætlunina sem gefin var út 2020. Þá benda samtökin á að fjöldi fjármagnaðra aðgerða er á formi styrkja úr Orku- og loftslagssjóði en ekki víst að sjóðurinn megni að fjármagna allar þær aðgerðir sem hann á að fjármagna. Ekki er að sjá á aðgerðaáætluninni að aukið fjármagn muni renna til málaflokksins en snarauka þarf fjármagn til að halda utan um og framkvæma allar þessar aðgerðir en ekki er að sjá traustvekjandi upplýsingar um þess konar áform. Þá vekur furðu að stjórnvöld beinlínis niðurgreiði jarðefnaeldsneytisnotkun með því að veita flugfélögum gjaldfrjálsar losunarheimildir þrátt fyrir yfirlýsingar á alþjóðlegum ráðstefnum um að hætta slíkri niðurgreiðslu. Þar verður ríkið af töluverðum tekjum sem tilvalið væri að verja í mótvægisáðgerðir sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Skortur á trúverðugleika

Almenningur þarf á skýrari og traustari skilaboðum að halda um að stjórnvöldum sé alvara um að hrinda öllum þessum aðgerðum í framkvæmd. Í samhengi við skýr skilaboð er einnig nauðsynlegt að lögfest markmið um kolefnishlutleysi sé skilgreint nánar og að skýr sýn sé sett fram varðandi hvaða samdrætti á að ná hvenær. Óskýr skilaboð og upplýsingaskortur í tengslum við markmið og aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum ruglar fólk og dregur úr vilja almennings til að fylgjast með og taka þátt í þessari mikilvægu vegferð.

Raunsæi á forsendum vísinda

Ráðherra fullyrðir að hér sé um raunsæja aðgerðaáætlun að ræða og hvetur alla sem bera ábyrgð á losun, stóra sem smáa, að vera hluti af breytingunum sem framundan eru. Samtökunum finnst orðaval ráðherra óþehhilegt þar sem ekki á að vera val um þátttöku í þessu risavaxna verkefni heldur er það skylda okkar allra gagnvart komandi kynslóðum.

¹ Stjórnarráðið, *Ný metnaðarfull markmið í loftslagsmálum kynnt*, 10.12.2020.
<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/12/10/Ny-metnadarfull-markmid-i-loftslagsm-alum-kynnt/>

Vísindi og traust gögn þurfa að vera undirstaða allra loftslagsaðgerða. Skv. IPCC² og UNEP³ er nauðsynlegt að losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu dragist saman um 40-50% fram til 2030 eða um 7,5% á ári næstu 6 árin. Sem auðugt land í forréttindastöðu er sanngjarnt að Ísland dragi enn meira úr losun en þessi 7,5% á ári þar sem geta okkar til þess er meiri en geta efnaminni landa sem eru þegar að verða fyrir barðinu á afleiðingum loftslagsbreytinga.

Óljóst er hvort uppfærð aðgerðaáætlun muni skila samdrætti í samræmi við þessi tilmæli vísindasamfélagsins vegna þess hve lítið er um tölulegt mat á væntanlegum samdrætti. Að mati samtakanna er óásættanlegt að aðgerðirnar sem snúa að samfélagslosun séu þær einu sem séu metnar m.t.t. væntanlegs samdráttar. Samfélagslosun Íslands nemur ekki nema rúmlega einum fimmta af heildarlosun Íslands og með **öllu óskiljanlegt** hvers vegna aðgerðirnar sem snúa að hinum 80% af losuninni séu ekki metnar tölulega.

Hvað varðar samráð við viðeigandi hagaðila urðu samtökin fyrir verulegum vonbrigðum. Atvinnulífið var haft með í ráðum alveg frá upphafi en hvorki umhverfis- og náttúruverndarsamtök, né önnur almennasamtök, voru spurð á lits **einu sinni** í öllu tveggja ára ferlinu. Að sjálfsögðu er ítarlegt samráð við atvinnulífið, sem er lykilhagaðili, mikilvægt en nauðsynlegt er að félagasamtök sem starfa með hagsmunum náttúrunnar og almennings að leiðarljósi séu höfð jafn mikið með í ráðum við svo ítarlega uppfærslu á aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Sambætting við aðrar skuldbindingar

Eitt af því sem virkilega er ábótavant í áætluninni er mikilvægi þess að mun meiri sambætting sé við sjónarmið líffræðilegrar fjölbreytni í samræmi við Kunming-Montréal samninginn. Loftslag og náttúra eru samofnir þættir og tryggja þarf að loftslagsaðgerðir komi ekki niður á heilbrigði lífríkisins og öfugt, en IPCC hefur varað við þessu.

Rangar forsendur

Margar af þeim forsendum sem gefnar eru upp eru ekki á rökum reistar. Látið er í veðri vaka að með því að afla frekari orku dragi úr losun. Þar benda samtökin á að með frekari orkuöflun fortíðarinnar, sem er um 20% aukning síðustu 15 árin, þá hefur losun landsins svo gott sem staðið í stað. Nýting grænnar orku og lítil losun gróðurhúsalofttegunda virðist nefnilega alls ekki alltaf haldast í hendur á Íslandi. Á meðan ekki eru ferlar eða hvatar sem beina orku, hvort sem hún losnar við lok samninga eða er aflað með nýjum virkjunum, í orkuskiptaverkefni, þá séu þessar forsendur verulega hæpnar. Tryggja þarf forgang orkuskiptaverkefna í áætluninni svo þær verði trúverðugar.

Kynslóðajafnrétti

Því minna sem við náum að draga saman í losun fram til 2030, því meira þurfa komandi kynslóðir að þola neikvæðar afleiðingar af völdum loftslagsbreytinga. Einnig færast ábyrgð á

² IPCC, *The evidence is clear: the time for action is now. We can halve emissions by 2030.* 04.04.2022. <https://www.ipcc.ch/2022/04/04/ipcc-ar6-wgiii-pressrelease/>

³ UNEP, *Emissions Gap Report 2023.* 20.11.2023. <https://www.unep.org/resources/emissions-gap-report-2023>

samdrætti losunarinnar yfir kynslóða á milli og komandi kynslóðir þurfa að draga úr losun samfélagsins enn hraðar sem og nota mikið meira fjármagn til aðlögunaraðgerða. Árið 2030 nálgast óðum og illa hefur gengið að ná fram samdrætti. Það er ákaflega ósanngjarnt að varpa ábyrgðinni á komandi kynslóðir. Við bindum miklar vonir við að tekið verði tillit til athugasemda okkar við þessa uppfærðu aðgerðaáætlun til að hægt sé að koma í veg fyrir frekara ójafnrétti milli kynslóða.

Tillögur að aðgerðum

1. Skilgreining á kolefnishlutleysi

Ábyrgðaraðili: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Tímasetning: Strax

Í aðgerðaráætluninni eru mörg óljós markmið og eitt þeirra er kolefnishlutleysi árið 2040. Þetta orð hefur enga merkingu og þarfnast skilgreiningar í lögum. Með skilgreiningunni er mikilvægt að kortleggja áfanga á leiðinni og lögfesta þá með tilliti til þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland hefur nú þegar bundist í málaflöknum. Mikilvægt er að þetta markmið sé skilgreint m.t.t. allrar losunar sem á sér stað á Íslandi en ekki bara hluta hennar.

2. Markmið sett um samdrátt í neysludrifinni losun

Ábyrgðaraðili: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Tímasetning: Strax

Neysludrifna losun er erfitt að mæla, en það hefur þó verið gert fyrir ákveðin tímabil.⁴ Með því að kortleggja innflutning vöru til landsins er hægt að áætla neysludrifna losun landsins. Til þess að varast útvistun losunar er mikilvægt að huga að kolefnisfótspori neyslu. Svíþjóð hefur sett sér slíkt markmið um samdrátt í neysludrifinni losun og væri hægt að sækja innblástur og leiðsgögn þangað.

3. Bann lagt við kaupum ákveðinna vara frá sölusíðum utan Íslands

Ábyrgðaraðili: Umhverfis-orku- og loftslagsráðuneytið, utanríkisráðuneytið

Tímasetning: Strax

Umhverfisstofnun hefur varað almenning við að kaupa ákveðna flokka vara af erlendum sölusíðum utan Evrópu þar sem hátt magn eiturefna getur verið til staðar í þeim, svo sem blý, bór og kvikasilfur.⁵ Það gæti verið liður í að draga saman neysludrifna losun að banna kaup á vörum innan þessara vöruflokka af síðum utan Evrópu. Einnig myndi það hafa jákvæð lýðheilsuáhrif þar sem komið væri í veg fyrir að þau skaðlegu efni sem vörurnar innihalda komist í snertingu við fólk.

4. Reikna út sanngjarna hlutdeild Íslands

Ábyrgðaraðili: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Alþingi

Tímasetning: Strax

Um er að ræða sanngjarnan hluta af samdrætti gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu til að markmiðið um innan við 1,5°C hlýnun náist m.t.t. sögulegrar losunar. Ljóst er að losun

⁴ Clark et. al, *Emissions in a decarbonised economy? Global lessons from a carbon footprint analysis of Iceland*. 10.11.2017. <https://doi.org/10.1016/j.jclepro.2017.08.108>

⁵ Umhverfisstofnun, *Vörur sem ætti að forðast frá ódýrum netverslunum utan Evrópu*. 06.06.2024 <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2024/06/06/Vorur-sem-aetti-ad-fordast-fra-odyrum-netverslu-num-utan-Evropu/>

Íslendinga í sögulegu samhengi, sem og á höfðatölu, er töluvert yfir meðallosun á heimsvísu. Sanngjarn hluti ýmissa annarra landa hefur verið reiknaður út og hafa m.a. Danir ákveðið að taka tillit til þess í aðgerðaáætlun sinni í loftslagsmálum.

5. Verja 4% af landsframleiðslu í loftslagsmál

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Tímasetning: Strax

Skýrsla IPCC um 1.5 gráðu hlýnun (Box 4.8 í kafla 4.4.5.1) tekur fram hvaða fjármagn þarf til að ná fram þeim sviðsmyndum sem takmarka hnattræna hlýnun við 1.5 eða 2 gráður. Í þessu samhengi er best að líta til OECD sviðsmyndarinnar sem skiptir því fjármagni (hlutfalli af landsframleiðslu heimsins) sem þarf til að takmarka hnattræna hlýnun við 2.0 gráður niður í samgönguinnviði og aðra innviði og svo orkuvinnslu og orkunýtni. Þar sem Íslendingar eru núþegar búnir að ná tókum á orkuvinnslu og nýtni, standa eftir 4% sem ætti að verja í samgönguinnviði og aðra innviði með það að markmiði að takmarka hnattræna hlýnun við 2 gráður. Hafa ber samt í huga að þörf er á mun meira fjármagni til að vera á vegferð sem stuðlar að 1.5 gráðu takmörkun á hnattrænni hlýnun, en íslenska ríkið hefur skipað sér í hóp þeirra ríkja sem stefna að 1.5 gráðu markinu. Núverandi fjárveitingar íslenska ríkisins til loftslagsaðgerða er langt undir þessu mikilvæga viðmiði og er brýnt að bæta úr því tafarlaust.

6. Bann við leit að jarðefnaeldsneyti í lögsögu Íslands

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Tímasetning: Strax

Það eru þrjú svæði á landgrunni Íslands þar sem talið er mögulegt að finna jarðolíu eða jarðgas í magni sem telst nýtanlegt: á Drekasvæðinu, Bergrisasvæðinu og Gammssvæðinu. Á þessari öld hafa nokkrum sinnum komið fram hugmyndir og tillögur um rannsóknir og vinnslu á Drekasvæðinu en það hefur ekki verið gert. Til að aftra því að leyfi verði gefin út til vinnslu jarðefnaeldsneytis á jarðgrunni Íslands ætti að setja bann við frekari leit, rannsóknir og mögulega vinnslu á því, sérstaklega í ljósi áhrifa slíkrar vinnslu og notkunar jarðefnaeldsneytis hefur á losun gróðurhúsalofttegunda.

7. Hámarksfjöldi bílastæða í þéttbýlum

Ábyrgðaraðili: Innviðaráðuneytið

Tímasetning: 2024-2026

Aðgerð sem stuðlar að því að erfiðara sé að eiga bíl og gerir þar með aðra ferðamáta ákjósanlegri.

8. Hámarksflatarmál einkabílainnviða á hvern hektara í þéttbýli

Ábyrgðaraðili: Innviðaráðuneytið

Tímasetning: 2024-2026

Aðgerð sem stuðlar að því að erfiðara sé að eiga bíl og gerir þar með aðra ferðamáta ákjósanlegri.

9. Bann við nýskráningu jarðefnaeldsneytisskipa

Ábyrgð: *Innviðaráðuneytið*

Tímasetning: ~2030

Bannið er í beinu framhaldi af því að banna á innflutning á bílum sem ganga fyrir bensín og dísel. Ekki er ljóst hvaða tækni verður ofan á í þróun véla fyrir skip en þegar hún verður hagkvæm er eðlilegt að kröfur á innflutning nýrra skipa fari sömu leið og bensínbíla nú. Skip eru lengi í flotanum og ef ná á kolefnishlutleysi 2040 er eðlilegt að þá séu fá, ef einhver, sem munu þá nota jarðefnaeldsneyti. Það fer eftir skilgreiningu á hugtakinu kolefnishlutleysi sem þarf að skýra sbr. tillögu 1 að ofan.

10. Hámarkskolefnisspor á hvern fermeter nýbyggingar.

Ábyrgð: *Innviðaráðuneytið*

Tímasetning: *Strax*

11. Bann við allri uppbyggingu í votlendi

Ábyrgð: *Innviðaráðuneytið*

Tímasetning: *Strax*

Votlendi geymir mikið kolefni og röskun á því leiðir til umtalsverðar losunar.

12. Fræðsla og svigrúm til rannsókna á lífrænum og auðgandi landbúnaði

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið*

Tímasetning: *Strax*

Lífrænn landbúnaður hefur verið stundaður á örfáum bæjum á Íslandi og þar hefur verið unnið mikið frumkvöðlastarf. Lífrænn landbúnaður hefur verið rannsakaður miðað við hefðbundinn landbúnað og sýnt hefur verið fram á minni orkunotkun lífrænna bænda, bindingu kolefnis í jarðvegi og aukins líffræðilegs fjölbreytileika bæði ofan jarðar og neðan. Aðeins örfáar rannsóknir hafa verið unnar á Íslandi.⁶⁷⁸⁹

⁶ Atlason, R.S., Kjærheim, K.M., Davidsdóttir, D. and Ragnarsdóttir, K.V. (2015) A comparative analysis of the energy return on investment of organic and conventional icelandic dairy farms. *Icelandic Agricultural Sciences*, **28**, 29-42.

⁷ Lehtinen, T. (2014) Characterization of soil aggregation and soil organic matter in European agricultural soils. PhD thesis, University of Iceland.

⁸ Lehtinen, T., Gísladóttir, G., Lair, G.J., van Leeuwen, J., Blum, W.E.H., Bloem, J., Steffens, M., Ragnarsdóttir, K.V. (2015) Aggregation and organic matter in subarctic Andosols under different grassland management. *Acta Agriculturae Scandinavica, B – Soil & Plant Science*, **65**, 246-263.

⁹ van Leeuwen, J.P., Lehtinen, T., Lair, G.J., Bloem, J., Hemerik, L., Ragnarsdóttir, K.V., Gísladóttir, G., Newton, J.S., de Ruiter, P.C. (2015) An ecosystem approach to assess soil quality in organically and conventionally managed farms in Iceland and Austria. *SOIL*, **1**(1), 83-101.

Auðgandi landbúnaður hefur farið vaxandi út um allan heim síðan fyrir aldamót. Aðferðafræðin er tengd því að tvinna saman landrækt á korni/grasi og húsdýrabeit. Stefnt er að því að nota engan tilbúinn áburð. Sýnt hefur verið fram á möguleika á bindingu kolefnis í jarðvegi, aukins líffræðilegs fjölbreytileika í sumum tilvikum, betri heilsu dýra og gróðurs og minnkun á þörf fyrir aðföngum (t.d. áburði og skordýraeytri). Aðeins eitt býli á Íslandi stundar slíkan landbúnað og gerð hefur verið frumrannsókn á þeim breytingum sem urðu yfir einungis þrjú sumur (2020-2022).¹⁰

13. Kolefnisgjald á losun frá landbúnaði

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið*

Tímasetning: *Prepaskipt innleiðing 2026-2030*

Aðgerð að fyrirmynd Dana.¹¹

14. Kolefnisspor á öll matvæli í búðum

Ábyrgð: *Matvælaráðuneytið*

Tímasetning: *Strax*

Markmið kolefnisfótspors matvæla er að gera matvælaframleiðendum kleift að miðla loftslagsáhrifum framleiðslu sinnar til neytenda. Aukin upplýsingagjöf auðveldar neytendum að velja umhverfisvænt og hvetur framleiðendur til að draga úr kolefnisspori í framleiðslu.

Nýleg fræðileg samantekt¹² skoðaði ritverk um kolefnisspor matvæla og þar kom fram að neytendum vantar almennt skilning á þeim mælingum sem kolefnissporið byggir á og að framsetning þess væri ekki nógu skýr. Endurhönnuð framsetning í formi t.d. umferðarljósa hefur sýnt fram á að auka skilning til muna.

Skv. niðurstöðum samantektarinnar eiga stjórnvöld heims að; 1) hafa frumkvæði að bætingum á ofangreindri upplýsingagjöf, 2) styðja við aðgerðir sem auðvelda sjálfbærari neysluhegðun og 3) beita nauðsynlegum aðgerðum til lækkunar verðs á matvælum með lágt kolefnisspor.

15. Hömlur á innflutning jarðefnaeldsneytis

Ábyrgð: *Innviðaráðuneytið*

Tímasetning: *Prepaskipt verkefni*

¹⁰ Hörður Kristjánsson (2022) Bændur í Lækjartúni í Ásahreppi bæta afkomu verulega með geitarstýringu innan girðinga. *Bændablaðið* 27. maí:

<https://www.bbl.is/frettir/baendur-i-laekjartuni-i-asahreppi-baeta-afkomu-verulega-med-beitarstyringu-inna-n-girdinga>

¹¹ The Guardian. *Belching livestock to incur green levy in Denmark from 2030*. 26.06.2024

https://www.theguardian.com/world/article/2024/jun/26/flatulent-livestock-to-incur-green-levy-in-denmark-from-2035?CMP=share_btn_url

¹² A. Rondoni; S. Grasso, *Consumers behaviour towards carbon footprint labels on food: A review of the literature and discussion of industry implications*, 10.06.2021,

<https://doi.org/10.1016/j.jclepro.2021.127031>

Til þess að ganga úr skugga um að áætlanir gangi eftir er varðar útfösun jarðefnaeldsneytis er til dæmis hægt að setja hömlur á innflutning þess í samræmi við markmiðin. Hægt væri að veita undanþágur ef koma upp sérstakar aðstæður eins og rafmagnsleysi vegna náttúruhamfara.

16. Auglýsingabann á jarðefnaeldsneyti

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Tímasetning: Strax

Líkt og nikótín sem er skaðlegt fólki, er jarðefnaeldsneyti einnig skaðlegt fólki. Með því að banna það að auglýsa jarðefnaeldsneyti er skref tekið í áttina að því að fasa eldsneytið út að fullu. Ekki er forsvaranlegt að leyft sé að auglýsa sölu og hvetja almenning til neyslu á einum helsta skaðvalda loftslagsbreytinga. Stjórnvöld og borgir erlendis eru að byrja að stíga þetta skref um að banna slíkar auglýsingar, t.d. Í Den Haag í Hollandi, og kallaði Antonio Guterres, aðalritari S.þ. eftir því fyrir á þessu ári að slíkt bann verði innleitt um allan heim.

Athugasemdir við aðgerðir undir Samfélagslosun

S.1 Orkuvinnsla

Losun frá orkuvinnslu er annars vegar 7% (190 þ.t. CO₂) af samfélagslosun vegna losunar í rekstri jarðvarmavirkjana og 3% (79 þ.t. CO₂) vegna bruna jarðefnaeldsneytis til orkuvinnslu.

Gert er ráð fyrir 18% samdrætti í losun vegna orkuvinnslu frá 2005 til 2030. Fram kemur að í sumum tilfellum er innleiðing annarra loftslagsaðgerða forsenda þess að áætlaður samdráttur náist

Áhersla er lögð á tækni Carbfix og þróun á því að nota fangað CO₂ til framleiðslu á eldsneyti. Ekki er ráðlegt í aðgerðaáætlun að treysta um of á tækni sem er í þróun. Loftslagsvandinn hefur verið aðkallandi vandamál í langan tíma og því mikilvægt að þær aðgerðir sem liggja til grundvallar séu framkvæmanlegar núna.

S.1.A1 Upplýsingagjöf um losunarbókhald jarðvarma

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2025

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Mikilvægt er að festa slíka upplýsingagjöf í reglugerð eða lög svo strax sé hægt að fylgjast með losun frá jarðvarmavirkjunum. Ekki er hægt að áætla að þessi aðgerð skili neinum samdrætti heldur er um upplýsingagjöf að ræða sem er gott og sjálfsagt að ráðast í.

S.1. A2 Stöðluð aðferðarfræði mælinga og mats losunar frá jarðvarmavirkjunum

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2026

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Mætti segja að S.1.A1 og S.1.A2 sé af svipuðum meiði, afla upplýsinga annars vegar og síðan miðla þeim. Tilvalið væri að sameina þessar aðgerðir í eina aðgerð. Aftur snýst verkefnið um að samræma mælingar en ekki er aðgerðin til þess fallin að samdráttur eigi sér stað.

S.1.A3 Krafa um mælingar á náttúrulegri losun í leyfisveitingaferli

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Samtökin hafa ekkert móti því að sú losun sem er náttúruleg frá jarðhitasvæðum sé mæld og færð til bókar en það vekur furðu að aðgerð þessi sé skráð sem aðgerð í loftslagsmálum þar sem hún mun í mesta lagi draga úr skráðri losun frá jarðvarmavirkjunum en ekki raunlosun og mætti því telja til bókhaldsbrellna. Að auki rímar þetta illa við áætlanir stofnanna um að einfalda leyfisveitingar.

S.1.A5 Krafa um föngun gróðurhúsalofttegunda í rekstri jarðvarmavirkjana

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-()

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma nógildandi fjármálaáætlunar

Hér er verk að vinna og fögur fyrirheit. Tæknin til föngunar og bindingar er nú þegar til staðar að mestu (þó ekki fyrir allar starfandi virkjanategundir) og þó hún sé í stanslausri þróun ætti að vera raunhæft að fara fram á að tækninni sé beitt. Áætlun um 90% samdrátt hljómar vel en það hve lítið aðgerðin hefur verið útfærð er áhyggjuefni. Aðgerðina þarf að kostnaðarmeta, fjármagna og framkvæma.

S.A.B1 Tilraunaverkefni um háhitavarmadætur í fiskiðnaði

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2028

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma nógildandi fjármálaáætlunar

Hugmynd þessi er góð en er ekki líkleg til þess að leysa vandann í bráð. Fiskimjölsverksmiðjur brenna ekki eingöngu mikla olíu vegna þess að þau þurfa mikla orku. Þau gera það fyrst og fremst vegna þess að forgangsorkan er of dýr og óleyst er hvort og hvernig þau gætu áframselt orkuna þegar brennslan er ekki í gangi. Hagkvæmara er að kaupa skerðanlega orku og brenna olíu þegar hún er skert. Væri hægt að mæta þessu með því að hækka kolefnisgjald og greina tækifæri í því hvað hægt væri að nýta forgangsorku fiskimjölsverksmiðjanna í þegar orkan er ekki í notkun. Núverandi kolefnisgjald er mun lægra en t.d. olíugjald sem á skilgreiningum samkvæmt að fara í vegavinnu en ekki eru peningarnir eyrnamerkir og með tilkomu nýs kílómetragjalds og niðurfellingu á olíugjaldi er tilvalið að hækka kolefnisgjaldið til samræmis svo verð haldist það sama á dælu.

S.1.B3 Einföldun á leyfisveitingaferlum í þágu loftslagsaðgerða.

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2021-2025

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Samtökin gera alvarlegar athugasemdir við þær fullyrðingar sem hér koma fram.

„Verkefni og framkvæmdir sem varða endurnýjanlega orkuöflun eru brýnir almannahagsmunir”

„Það er óumdeilt að langir og óskilvirkir leyfisveitingaferlar standa í vegi grænnar orkuöflunar og stefna þannig loftslagsmarkmiðum Íslands í voða.”

Landvernd hefur bent á, síendurtekið, að síðustu ár hefur sú orka sem aflað hefur verið farið fyrst og fremst til gagnavera og ekkert bendir til þess að þeirri orku sem aflað verður í framtíðinni verði varið í orkuskipti. Samkeppni um orku til orkuskipta er ekki orkuskiptum í hag. Til þess að orkuskipti teljist orkuskipti þarf orkan sem við bætist og orkan sem losnar úr samningum að koma í stað jarðefnaeldsneytis. Þá þarf jarðefnaeldsneytið sömuleiðis að víkja fyrir nýrri orku. Útfösun jarðefnaeldsneytis þarf að eiga sér stað í sátt við náttúru og náttúruvernd og vera í samræmi við aðrar skuldbindingar Íslands eins og Kunming-Montréal samninginn sem snýr að

náttúruvernd. Hætt er við að einföldun leyfisveitinga komi niður á faglegum vinnubrögðum og ekki sé varúðarregla umhverfisréttar í hávegum höfð.

S.1.B4 Framkvæmdir við flutnings- og dreifikerfi raforku styðji við loftslagsmarkmið

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Aðgerðin styður við þær áherslur sem samtökin hafa um orkusparnað og betri nýtingu í orkukerfinu.

S.1.B5 Aukin orkuöflun fyrir loftslagsaðgerðir og sjálfbærni samfélagsins

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2024-2040

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Vísað er í athugasemdir við S.1.B3 þar sem fram kemur að ekkert í núverandi lagaumhverfi gæti þess að aukin raforka fari rafeldsneyti eða vetnisframleiðslu. Þá er alls óvíst hvenær tæknin til þess að nýta raforku til samgangna í lofti og á hafi verði raunveruleg og því mikilvægt að samhliða orkuskiptum í þeim samgöngum sé lögð rík áhersla á að minnka umsvifin. Þá þarf einnig að gæta þess að samgöngur sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku sé samkeppnishæf við jarðefnaeldsneyti og er það best gert með bæði hvötum og lötum svo sem skattaafsláttum og hærri kolefnisgjöldum.

S.1.B6 Samstarfsverkefni um frekari nýtingu jarðhitauðlinda

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2023-2030

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Átak í jarðhitaleit er mikið fagnaðarefni og líklegt til þess að skila samdrætti í losun, sérstaklega mikilvægt á köldum svæðum.

S.1.B7 Bætt orkunýtni

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Þessa aðgerð þarf að útfæra með hraði en Landsvirkjun gaf út skýrslu um málið sem vísað er í. Aðgerð þessi þarfnast umfangsmikilla fjárfestinga og því lofar ekki góðu að þessi aðgerð sé enn á hugmyndastigi og ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar.

Samtökin staldra við fullyrðingu sem fram kemur í lýsingu á aðgerðinni:

“Loftslagsaðgerðum á sviði orkuvinnslu er ætlað að styðja við kerfislægar umbreytingar. Þær munu leiða til samdráttar í losun en eru í eðli sínu breytingar sem stjórnvöld geta ekki með beinum hætti haft áhrif á. Skilgreindar aðgerðir eru því til þess fallnar að skapa umhverfi fyrir slíkar umbreytingar.”

Samtökin benda á að stjórnvöld geta með mjög beinum hætti haft áhrif á orkuvinnslu. Stjórnvöld eiga til dæmis Landsvirkjun og búa til allt lagaumhverfi utan um orkuvinnslu og dreifingu orku.

S.2 Smærri iðnaður

Losun vegna smærri iðnaðar var 3% af samfélagslosun (ESR) Íslands árið 2022 eða 70 þ.t CO₂ íg. Mikil áhersla er lögð á trú á betri tækni í framtíðinni. Það þarf að horfa á stöðuna núna og gera miklu miklu meira en að trúa á tækniframfarir þó þær séu hluti af lausninni. Gert er ráð fyrir 77% samdrætti til 2030.

S.2.A1 Reynsluverkefni um losunarfría framkvæmd hjá Vegagerðinni

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2027

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

S.2.A2 Reynsluverkefni um losunarfría framkvæmd hjá Framkvæmdasýslunni - Ríkiseignum

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2026

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Aðgerðir þessar eru mjög óljósar og enn á hugmyndastigi. Samtökin telja mikilvægt að við þessa vinnu sé horft er á alla virðisheðju framkvæmda því vinnsla á jarðefnum. Þá er einnig mikilvægt að verkefnið sem valið er sé verkefni sem stuðli að öðru leyti að sjálfbærara samfélagi svo sem aðgerðir sem fækka bílum og fjölga samgöngu möguleikum sem ekki ganga fyrir jarðefnaeldsneyti, svo sem almenningsamgöngur og orflæði. Þá gera samtökin athugasemd við hugtakið "losunarfrí framkvæmd". Allar framkvæmdir losa eitthvað og þrátt fyrir að mögulegt sé að kolefnisjafna þá losun sem hlýst gefur hugtakið ranga mynd af eðli framkvæmdarinnar.

S.2.A3 Kröfur og ábyrgð hleðsluinnviða á framkvæmdasvæðum í þéttbýli

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2025

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Samtökin benda sérstaklega á að gæta verður að því að hafa hleðsluinnviði við fjölbýli og rekstur þeirra verður að vera á viðráðanlegu verði fyrir íbúa. Þetta er í samræmi við linsu réttláttra umskipta sem ávallt verður að skoða aðgerðir gegn um.

S.2.A4 Innleiðing innra kolefnisverðs opinberra framkvæmda

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-()

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Hugmyndin er góð en krefst frekari útfærslu. Einnig er möguleiki á að innheimta kolefnisgjald innan sem utan opinberra framkvæmda en kolefnisgjald leggst nú eingöngu á jarðefnaeldsneyti. Umtalsverð losun getur verið frá ýmis starfsemi eins og landbúnaði og röskun á landi. Myndi þetta hafa víðtækari áhrif en sömu röksemdarfærslur eiga við eða:

“Eins og staðan er í dag eru lausnir sem draga úr kolefnisspori framkvæmda oft dýrari en hefðbundnar. Til að gefa loftslagsaðgerðum vægi í ákvarðanatöku og sýna fram á ávinning er m.a. notast við svokallað innra kolefnisverð.”

S.2.A5 Styðja við innleiðingu aðgerða í vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2022-2030

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Aðgerð þessi er frábær og stendur algerlega undir sér. Þá benda samtökin á að lang umhverfisvænast er að láta hluti endast sem lengst og eru byggingar þar ekki undanskildar, hvort sem það eru byggingarnar sem heild eða hvort auðvelt sé að taka þær í sundur og nota byggingarefnin aftur. Því er sérstaklega mikilvægt að vanda til verka og sinna viðhaldi en slíks er oft ábótavant í byggingum í opinberri eigu.

S.2.B2 Orkuskipti hreyfanlegra véla og tækjabúnaðar

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2020-2030

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Landvernd hefur gert athugasemdir við skort á faglegu mati við úthlutanir úr Orkusjóði. Nú tekur við nýtt hlutverk Orku- og loftslagssjóðs og vonandi verða gerðar bætur þar á. Mikilvægt er að almenningur fái ítarlegar upplýsingar um þann árangur sem verkefni styrkþega skila þar sem um opinbert fé er að ræða.

S.2.C1 Gagnaöflun og uppsprettugreining um svæðisbundna jarðefnaeldsneytisnotkun

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-()

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Ávinningur af aðgerðinni er óljós þar sem nokkuð góð mynd er af því hvaða geirar samfélagsins losa, hvar sem þeir eru á landinu og er það fyrst og fremst eðli notkunarinnar sem krefst lausna, ekki staðsteningin. Þá ættu flest sveitarfélög að vera meðvituð um þá atvinnustarfsemi sem í þeirra sveitarfélagi er og hvaða losunarpættir eru á ábyrgð sveitarfélaganna.

S.3.A Kælimiðlar

Allar aðgerðirnar hér eru á hugmyndastigi nema S.3.A2 og A3 svo mikillar útfærslu er þörf. Þá vekur athygli að í þessum losunarflokki sem einungis telur 5% af samfélagslosun, er jafnframt með afkastamestu aðgerðina eða áætlaðan samdrátt um 117 þúsund koltvísýringsígilda. Vegna þess hve öflugar gróðurhúsalofttegundir F-gös eru mætti ætla að það sé með ódýrari aðgerðum að draga úr einmitt þessari notkun. Það gefur þó ákveðna mynd af metnaðarleysi aðgerðaráætlunarinnar í heild að engar aðgerðir í stærri losunarflokkum skili meiru.

S.4.A1 Innleiða umhverfisbókhald landbúnaðar

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Um er að ræða gagnaöflun sem er af hinu góða en hafa þarf í huga að gögn ein og sér eru ekki líkleg til að breyta miklu um losun. Tilvalið væri að nota gagnabankann til þess að merkja matvæli með tilheyrandi kolefnislosun eins og lagt er til í 14. aðgerðinni sem við leggjum til ofar í umsögninni.

S.4.A3 Undirbúa hagkvæmt styrkjaumhverfi fyrir landbúnað

Staða: Fyrirhugað Tímabil: 2024-2027

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma nógildandi fjármálaáætlunar

Íslenskur landbúnaður nýtur hlutfallslega mikils opinbers stuðnings á alþjóðlegum mælikvarða. Þó eru styrkveitingarnar einhæfari en í nágrannalöndunum og landbúnaður á Íslandi byggir meira á jörturdýrum (kúm og kindum) en að jafnaði í nágrannalöndunum. Stuðningsgreiðslur eru að mestu leyti bundnar við tilteknar búgreinar, mjólkurframleiðslu, sauðfjárrækt og ylrækt og eru tengdar við framleiðslu einstakra afurða.

Ríkisstyrkjum til landbúnaðar þarf að breyta svo að þeir þjóni bæði bændum og umhverfinu betur. Auka þarf fjölbreytni í styrkjum og draga úr tengslum við framleiðni. Þegar framleiðni er viðamesti hvatinn þá er lítil hvati til þess að nýta land á sjálfbæran hátt og sveigjanleiki bænda til þess að færa sig milli landbúnaðargreina er lítil sem enginn þegar gerð er lágmarkskrafa á framleiðni til styrkja. Það eru mörg tækifæri til að auka fjölbreytni greina landbúnaðarins á Íslandi eins og til dæmis kornrækt, bygg og fleira. Einnig getur verið hagur fyrir bæði bændur og náttúru að endurheimta vistkerfi í landbúnaðarlandi.

Í loftslagsaðgerðáætlun íslenskra stjórnvalda verður að stefna að því að auka framleiðslu á íslensku grænmeti, kornrækt og baunarækt og styrkja þessa framleiðslu þannig að íslensku vörurnar standa upp úr í samkeppni við innflutt grænmeti. Rannsóknir hafa sýnt fram á að íslenskt grænmeti er með lægra kolefnisspor en innflutt. Auk þess er ráðlagt að minnka kjötneyslu og stjórnvöld þurfa að stuðla að því m.a. með þessum hætti.

S.4.B1 Innleiðing á skyldu um skil á upplýsingum um áburðar- og kölkunarpörf

(9 þ.t CO2 íg)

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma nógildandi fjármálaáætlunar

S.4.B2 Styðja við innleiðingu tækni til nákvæmnisdreifingar áburðar (9 þ.t. CO2 íg)

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma nógildandi fjármálaáætlunar

S.4.B3 Stuðningur til bænda til aðgerða sem draga úr áburðarpörf (9 þ.t. CO2 íg)

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma nógildandi fjármálaáætlunar

Aðgerðir þessar eru allar miðaðar að því að draga úr áburðanotkun. Athygli vekur að hér er reiknaður samdráttur fyrir aðgerðir sem eru enn á hugmyndastigi. Óljóst er hvað liggur að baki þeim útreikningum þar sem aðgerðirnar eru ekki fullmótaðar. Mikilvægt er að fræða bændur einnig um ýmsa möguleika til þess að viðhalda og jafnvel auka uppskeru á sama tíma og minni notkun er á tilbúnum áburði. Þá eru aðgerðirnar ekki fjármagnaðar að fullu sem er bagalegt.

S.4.B4 Móta gæðakröfur vegna lífræns áburðar í fóður- og matvælaframleiðslu

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2026

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Um er að ræða innleiðingu á ESB reglugerð og ekki ljóst hvernig og hvort innleiðing hennar kemur til með að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ætti aðgerðin að vera þó nokkuð lengra komin en á hugmyndastigi þar sem vænta má að útfærsla hennar sé langt komin í reglugerðinni sem um ræðir.

S.4.C1 Rannsóknir og greining á metanlosun búfjár

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2025-2027

Staða fjármögnunar: Innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Mikilvægt er að mæla losun frá búfénaði og nákvæmni má alltaf bæta. Þó er ljóst að mælingin kemur ekki til með að draga úr losun, enda er öllum ljóst að framleiðsla á rauðu kjöti losar mikið. Fjárhagslegir hvatar, menning, smekkur og mataræði eru líkleg til þess að ráða umtalsvert um það hversu mikil neysla er á rauðu kjöti er. Breyta þarf fjárhagslegum hvötum, venjum og viðhorfum með öðrum leiðum en upplýsingum einum saman með það að markmiði að draga úr framleiðslu og neyslu á rauðu kjöti.

S.4.C2 Rannsókn á geymslu búfjáraþburðar

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2026

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Ávinningur af þessari aðgerð er óljós. Í besta falli kemur aðgerðin til þess að losunartölu verði nákvæmari. Aðgerðinni verður að fylgja bæði leiðbeiningar og fjármagn fyrir bændur til þess að geyma búfjáraþburð með sem minnstri losun.

S.4.C3 Hvetja til notkunar íblöndunarefna í fóður jórturdýra (10 þ.t. CO2 íg.)

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2025-2030

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Aðgerð þessi er á hugmyndastigi en á samt sem áður að skila samdrætti. Þá er virkilega veikt að tala einungis um almenna hvatningu. Sé ekki um fjárhagslega hvata að ræða má ætla að lítið breytist.

S.4.C4 Hvetja til bættrar framleiðni í nautgriparækt (23 þ.t. CO2 íg.)

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma nógildandi fjármálaáætlunar

S.4.C5 Hvetja til bættrar framleiðni í sauðfjárrækt (8 þ.t. CO2 íg)

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma nógildandi fjármálaáætlunar

Mjög ólíklegt er að þessar aðgerðir komi til með að draga úr losun. Eftirspurn eftir kjöti er ráðandi þáttur í því hvort aðgerðirnar beri árangur eða ekki. Með aukinni framleiðni á grip má áætla að afurðirnar verði ódýrari og það geti haft neyslupenjandi áhrif eða svokölluð endurkastáhrif (rebound effect). Slík áhrif eru þekkt þegar eitthvað verður ódýrara eða hagkvæmara.

Til að aðgerðin stuðli að samdrætti þarf hún að vera samhliða hvötum og gjöldum sem stuðla að því að próteinrík fæða með lágt kolefnisspor (t.d. plöntumiðað fæði) sé valin framyfir rautt kjöt, enda eru það tilmæli Landlæknis að Íslendingar borði minna kjöt og meira af baunum og hnetum. Danir hafa til að mynda tekið upp losunarskatt á búfenað með þetta að markmiði.¹³ Þannig geta aðgerðir í þá átt, samhliða bættri framleiðni, bæði stuðlað að samdrætti í losun og bættri lýðheilsu.

S.4.C6 Landnotkun sem hluti af kolefnisspori matvælaframleiðslu

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2026

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma nógildandi fjármálaáætlunar

Mikilvægt er að almenningur átti sig á samhengi milli losunar frá röskuðu landi og beit búfjár á slíku landi. Vænta má þó að losun frá landi verði enn í sama losunarflokki (LULUCF) og útreikningar á þeirri losun verða að fylgja ákveðnum reglum svo hægt sé að bera lönd saman. Gæta verður að því við framsetningu gagnanna að ekki skapist upplýsingaóreiða þar sem um tvo losunarflokka er að ræða. Þá er einnig vert að nefna, líkt og áður, að aðrir þættir en upplýsingar einar saman hafa áhrif á neyslu einstaklinga og verður að taka tillit til þess. Með öflugri miðlun eins og merkingu á vörum í verslunum er líklegast að upplýsingarnar hafi áhrif.

S.4.D1 Jarðræktarstyrkir verði endurskoðaðir til að draga úr loftslagsáhrifum vegna ræktunar

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2026

Staða fjármögnunar: Innan ramma nógildandi fjármálaáætlunar

Þess má vænta að aðgerð þessi geti haft töluverð jákvæð áhrif en bara ef eftirlit með styrkþegum er fullnægjandi. Eftirlits er víða ábótavant þar sem styrkir eru fyrir hendi, líkt og í skógrækt.

¹³The Guardian. *Belching livestock to incur green levy in Denmark from 2030*. 26.06.2024
https://www.theguardian.com/world/article/2024/jun/26/flatulent-livestock-to-incur-green-levy-in-denmark-from-2035?CMP=share_btn_url

S.5.A1 Innviðaaætlun um uppbyggingu á skilvirku neti hreinorku-áfyllingarstöðva

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2023-2025

Staða fjármögnunar: Innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Um er að ræða evróputilskipun sem er í innleiðingu og framkvæmd. Í reglugerðinni er kveðið á um að stjórnvöld setji í eitt skjal lista yfir lagalegar og stefnumótandi aðgerðir stjórnvalda sem styðja við uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti. Einnig yfirlit yfir fjárhagslegan stuðning frá 2019 og áætlun um fjárhagslegan stuðning til 2030. Þá skal fylgja yfirlit yfir fjármagn til rannsókna frá 2019 og sýnisverkefna til 2030, yfirlit yfir þróun farartækja frá 2019 og spá um þróun til 2030. Yfirlit yfir þróun innviða frá 2019 og markmið um þróun til 2030 sem uppfylla lágmarkskröfur tilskipunar og yfirlit yfir framboð innviða samanborið við eftirspurn.

Áform um að setja fram áætlanir, án þess að fram komi nein sérstök markmið, leiðir ekki að samdrætti. Hér mættu koma fram áform um skala og hraða innviðauppbyggingar.

S.5.A2 Fjárstuðningur til uppbyggingar á skilvirku neti hreinorku-áfyllingarstöðva

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2016-2030

Staða fjármögnunar: Innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Í lýsingu þessarar aðgerðar stendur að markaðsforsendur uppbyggingar og rekstri hreinorku-áfyllingastöðva fyrir bíla sé orðið svo sterkt að mögulegur forsendubrestur eigi sér stað styrki ríkið uppbyggingu slíkra stöðva áfram. Þá er rætt um að líta til samgönguáætlunar og landsskipulagsstefnu til að meta frekari þörf slíkrar fjárfestingar og forgangsroðun hennar.

Framkvæmd þessi er listuð sem "í framkvæmd" en óljóst er hvort að aðgerðinni verði haldið áfram á sama hátt en lesa má í lýsingu aðgerðarinnar að það eigi að breyta fyrirkomulagi hennar. Mögulegt er að lesa úr lýsingunni að hætta eigi stuðningi við uppbyggingu hleðslustöðva fyrir bíla og veita eigi fjármagninu frekar til innviða í höfnum en það er vafa undirorpið.

S.5.A3 Regluverk um einfaldari greiðsluleiðir á hreinorkuáfyllingarstöðvum

Staða: Fyrirhugað Tímabil: 2024-2024

Staða fjármögnunar: Innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Hér er um að ræða eðlilega innleiðingu ESB reglugerðar. Ekki verður gerð athugasemd við það nema að því leytinu að þetta er eitthvað sem mun eiga sér stað hvort sem er og ekki endilega viðeigandi að setja þetta inn sem sér aðgerð í aðgerðaáætlunina.

S.5.B1 Uppbygging hjóla og göngustíga (8 þ.t. CO2íg)

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2020-2040

Staða fjármögnunar: Innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Aðgerðin er virkilega jákvæð en Skipulag höfuðborgarsvæðisins og flestra annara þéttbýliskjarna á landinu hefur hingað til tekið mið af einkabílum. Samt sem áður fjölga íbúum

á höfuðborgarsvæðinu hraðar en gatnakerfið ræður við. Þegar öðrum ferðamátum er forgangsraðað fram yfir einkabílinn fylgir hegðunin með. Mikilvægt er að við uppbygginguna sé augljóst að það eru göngu og hjólaleiðir sem ganga fyrir. Mikilvægt er að við skipulag þéttbýliskjarna verður horft á svokallaða 15 eða 20 mínútna bæjarskipulag þar sem áætlað er að íbúar geta komist í verlanir, skólar, vinnu o.s.frv. gangandi eða hjólandi á 15 eða 20 mínútum. Fyrirmynd af þessu skipulagi og góðan árangur hennar má m.a. finna í París.

S.5.B2 Ívilnanir fyrir kaup á reiðhjólum

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2020-2024

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Aðgerðin er jákvæð en ríkið styrkir rafhjólakaup hlutfallslega miklu minna en kaup á rafmagnsbílum. Kaup á rafmagnshjólum leysa mun fleiri vandamál en losun frá einkabílum. Fleiri rafmagnshjól bæta lýðheilsu og létta á umferð. Því mætti endurskoða styrkjaumhverfið og efla styrki til rafmagnshjóla enn frekar.

S.5.B3 Uppbygging hágæða almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2019-2040

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Samtökin hafa í umsagnarferli stutt við borgarlínu og mælt með að í samgönguáætlun sé því verkefni forgangsraðað fram yfir önnur verkefni, sérstaklega þau verkefni sem eiga að létta á umferð svo hægt sé að meta hvort þörf sé fyrir þau þegar borgarlína verður komin í gagnid.

S.5.B4 Þjónustumiðaður rekstur almenningssamgangna styrktur um land allt

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2012-()

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Aðgerðin er ekki útfærð að fullu. Rætt er um fjárstyrki til almenningssamgangna frá ríkinu sem er mjög jákvætt að heyra að standi til að hækka og efla. Staða almenningssamgangna utan höfuðborgarsvæðisins er í dag óviðunandi þar sem bæði dýrt og óhentugt er að nota þær. Þá eru flugferðir einnig skilgreindar sem almenningssamgöngur í samgönguáætlun og er þar mikil áhersla lögð á aðgengi landsbyggðarinnar að þeim. Mikilvægt er að stuðningur við almenningssamgöngur fari til kaupa og rekstri á hreinorkuvélum en ekki niðurgreiðslu á jarðefnaeldsneyti.

Þær útfærslur sem vantar í lýsingu á þessari aðgerð eru væntanlegar í áformuðu frumvarpi um almenningssamgöngur. Þar til það frumvarp hefur komið fram er ekki hægt að tjá sig um aðgerðina að miklu leyti.

S.5.B5 Almenningsamgöngur á hreinorku milli höfuðborgarsvæðisins og KEF

Staða: Fyrirhugað Tímabil: 2024-2026

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Samtökin hlakka til að sjá frekari útfærslu á aðgerðinni í samræmi við niðurstöðu starfshópsins.

S.5.B6 Aukin upptaka deiliahagkerfis í samgöngum

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2025-2028

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Lýsing á aðgerð þessari segir lítið um deiliahagkerfi en ávarpar umhverfisvitund fólks þegar kemur að samgöngum. Við bendum hins vegar á að almenningur er vel upplýstur um umhverfisáhrif mismunandi samgöngumáta en aðrir þættir hafa töluverð áhrif en þá helst að einkabílnum hefur verið forgangsraðað í skipulagi og er þægilegast fyrir einstaklinga að nota einkabíl hafi þeir fjárhagslega burði til. Deilibílar geta verið virkilega góð lausn fyrir fólk sem þarf að nota bíl af og til en getur svo verið án hans að mestu. Benda má á að þau gögn sem vísað er til frá mannvit eru óaðgengileg þar sem fyrirtækið rann inn alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið COWI.

S.5.B7 Gagnvirk upplýsingaveita almenningsamgangna, göngu og hjólaleiða

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2026

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Góð upplýsingagjöf um almenningsamgöngur er af hinu góða en færa mætti rök fyrir því að aðgerð þessi geti verið partur af aðgerð S.5.B4 um þjónustumiðaðan rekstur almenningsamgangna.

S.5.C2 Styrkir til kaupa á hreinorkuökutækjum úr Orkusjóði 14 þ.t. CO2 íg. (14 þ.t. CO2 íg.)

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2024-2028

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Ljóst er að aðgerðin er hvetjandi til rafbílaкупа. Aðgerðin gagnast mest fólki með meðaltekjur og þar yfir, sem geta keypt sér nýjan bíl. Aðgerðin eykur því ójöfnuð, sér í lagi fyrst um sinn áður en markaðurinn með rafbíla stækkar. Stjórnvöld verða að gæta þess að veita hlutfallslega meiri fjármunum í lausnir eins og uppbyggingu almenningsamgangna, deilíbílaakerfa og örfælðis.

S.5.C5 Hagrænir latar á ökutæki knúin jarðefnaeldsneyti (14 þ.t. CO2 íg.)

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-()

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Enn og aftur vekur það furðu samtakanna að reikna eigi samdrátt frá aðgerð sem enn er á hugmyndastigi. Aðgerðin er virkilega mikilvægur þáttur í útfösun á notkun jarðefnaeldsneytis og mikilvægt að aðgerðin verði útfærð að fullu sem fyrst.

S.5.C6 Lagaheimild tryggð fyrir losunarlitlum/fríum svæðum

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2025

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Hugmyndin er góð og samtökin hlakka til að sjá hvernig útfærslan verður.

S.5.C8 Alþjóðlegt markaðsátak um Ísland sem land hreinorkuökjutækja

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Samtökin efast um að markaðssetning sé besta leiðin til þess að fá ferðamenn til þess að velja aðra ferðamáta en jarðefnaeldsneytisbifreiðar. Forgangsmál ætti að vera að gæta að framboði almenningssamgangna og rafmagnsbíla til leigu sem og hleðsluinnviði sem þola fjölgunina. Þá er lag að markaðssetja landið sem áfangastað slíkra ferðamáta. Ef markaðssetningin á sér stað áður en framboð á rafmagnsbifreiðum og almenningssamgöngum eru til staðar er hætt við að verkefnið hafi með sér brag grænþvottar.

S.5.C9 Stigvaxandi krafa um hlutfall hreinorkuökutækja hjá ökutækjaleigum

(86 þ.t. CO2 íg.)

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2025-2027

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Samtökin styðja við aðgerðina en minna á að ökutæki eru að meðaltali 17 ár í flotanum. Því þarf að skoða hvort ekki sé hægt að auka hlutfall nýskráðra ökutækja hraðar. Það ætti að vera vel raunhæft en framleiðsla á rafmagnsbílum er á uppleið¹⁴ og orðin meiri en framleiðsla á bensín og dísel bílum.

S.5.C10 Útfösun bensín og dísel bifreiða á Íslandi (33 þ.t. CO2 íg)

Staða: Fyrirhugað Tímabil: 2028-2028

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Í upprunalegu skjali aðgerðaráætlunarinnar hafði þessu markmiði verið flýtt til 2027 en svo fært til 2028 en í fyrri aðgerðaáætlun var árið 2030. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra lýsti því yfir í viðtali að ekki eigi að standa við þessa aðgerð.¹⁵ Aðgerðin er þó á ábyrgð innviðaráðuneytisins en innviðaráðherra hefur ekki tjáð sig um hana. Þá er ljóst að árið 2028 verður búið að kjósa á ný og því óvissa um það hver verði ráðherra á þeim tíma. Samtökin lýsa yfir miklum áhyggjum af mjög svo óskýrri umfjöllun af hálfu ráðamanna um þessa mikilvægu aðgerð og myndu jafnvel vilja flýta fyrir henni í samræmi við rökin í athugasemdinni við aðgerðina hér á undan.

¹⁴Mohamed Khaleel, Nassar, Y., J.El-Khozondar, H., Monaem Elmnifi, Rajab, Z., Yaghoubi, E., & Yaghoubi, E. (2024). Electric Vehicles in China, Europe, and the United States: Current Trend and Market Comparison. *Int. J. Electr. Eng. And Sustain.*, 2(1), 1–20. sótt: <https://ijeos.org/index.php/ijeos/article/view/70>

¹⁵ Hermann Nökkvi Gunnarsson. *Banninu ekki flýtt: „Alltaf verið misskilningur“*. mbl.is, 29.06.2024 https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/06/29/banninu_ekki_flytt_alltaf_verid_misskilningur/

S.5.C11 Stefnt er að gera nýskráningu hóp- og vöruflutningabifreiða knúnum jarðefnaeldsneyti óheimila árið 2035

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2030-2035

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Aðgerð þessi er mjög jákvæð en krefst frekari útfærslu í takt við þróun tækninnar. Stefna skal að því að ná þessu markmiði eins fljótt og mögulegt er.

S.6.A1 Uppbygging landtenginga í höfnum

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2000-2030

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Aðgerðin er sögð vera í framkvæmd en ófjármögnuð sem vekur furðu. Þá má ekki líta fram hjá því að skipin brenna olíu á hafi úti þótt þau fái raftengingu í höfn. Ekki er nægilegt að raftengja skip heldur þarf einnig að draga úr siglingarumferð, til dæmis með því að draga úr þeim fjölda skemmtiferðaskipa sem hafa viðkomu hér á landi til að draga úr losun með hraðvirkari hætti.

S.6.A2 Forgangsröðun og uppbygging rafmagnshleðsluinnviða í höfnum

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

S.6.A3 Forgangsröðun og uppbygging hreinorkuinnviða í höfnum

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2026-2030

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Aðgerðirnar krefjast mikillar vinnu og útfærslu en tækni til að skip geti gengið fyrir öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti á langt í land. Kortlagning á þörf fyrir hleðsluinnviði fyrir þau skip sem verða knúin raforku og innviði til áfyllingar rafeldsneyti er því ekki tímabær. Engu að síður er mikilvægt að greina hvar ábyrgðin liggur og hvernig á að fjármagna innviðina svo uppbyggingin geti gengið snurðulaust fyrir sig þegar ljóst er hvers konar tækni og innviða er þörf.

S.6.A4 Umhverfismiðuð gjaldtaka í höfnum

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2023-2025

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Aðgerðin snýst um að innleiða Evrópureglugerð 2017/352. Ekki er gerð athugasemd við þau áform nema að því leyti að mögulega á þessi aðgerð ekki heima inni í aðgerðaáætluninni fyrst hún mun eiga sér stað hvort sem er án frekari fjármögnunar eða útfærslu í tengslum við aðgerðaáætlunina.

S.6.B1 Þekkingaruppbygging um orkuskipti og orkunýtingu

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-()

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Samtökin fagna því að byggja eigi upp þekkingu um orkuskipti og orkunýtingu. Frekari áherslur á menntun má finna í athugasemdum við Þverlægar aðgerðir, A Menntun.

S.6.B2 Efling hafrannsóknna og vöktun helstu nytjastofna í hafi

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2024-2028

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Mikilvægt er að vakta nytjastofna sem og vistkerfi hafsins í heild sinni en vernd hafsvæða getur haft jákvæð áhrif á nytjastofna ásamt því að stuðla að þeim markmiðum sem Ísland hefur samþykkt í Kunming-Montréal samningnum.¹⁶ Þá bendir margt til þess að stofnarnir færast norðar með hækkandi hitastigi sjávar.¹⁷

S.6.B3 Greining á ávinningi regluverks um viðbótarafloheimildir rafvæðra strandveiðibáta

Staða: Samþykkt Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Það er til fyrirmyndar að árangursmeta eigi regluverk og alls ekki nógu mikið er gert af því. Gæta verður að því að taka með í reikninginn losun sem verður frá botni þegar botnveiðarfæri eru notuð en losun frá þeim er töluverð og ætti að takmarka eða banna slíkar veiðar út frá sjónarmiðum loftslags og lífríkis.¹⁸

S.6.B4 Skuldbindandi samkomulag milli fyrirtækja í sjávarútvegi og stjórnvalda um samdrátt í eldsneytisnotkun (20 þ.t. CO₂ íg)

Staða: Samþykkt Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Gæta verður að því að fyrirtæki í Sjávarútvegi geti ekki skorast undan með aðgerðum sem skila minni samdrætti en því sem lofað er í aðgerðinni. Með of dreifðri og óljósri ábyrgð er mikil hættu á að markmiðum verði ekki náð.

S.6.B5 Orkuskipti í ferjum ríkisins

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

¹⁶ Stjórnarráð Íslands, *Verndarsvæði í hafi*. Júlí 2024.

https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/MAR_VerndarsvaediiHafi_Vefur.pdf

¹⁷ Vísindanefnd um loftslagsmál, *Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar*. 18. október 2023. www.loftslagsbreytingar.is

¹⁸ Karen McVeigh *Carbon released by bottom trawling 'too big to ignore', says study*. The Guardian. 18.01.2024. <https://www.theguardian.com/environment/2024/jan/18/carbon-released-by-bottom-trawling-too-big-to-ignore-says-study#:~:text=Now%2C%20for%20the%20first%20time.%E2%80%9Ctoo%20big%20to%20ignore%E2%80%9D>.

Aðgerð þessi er góð en ekki fjármögnuð. Athygli vekur að aðgerðin hefur ekki mælanlegan samdrátt en eldsneytisnotkun ferjanna hlýtur að liggja fyrir. Þá á tæknin til orkuskipta á hafi líklega eftir að taka nokkrum breytingum á áætlunartímanum og mikilvægt að aðgerðin þróist með tilliti til tækninnar.

S.6.B6 Orkuskipti í skipaflota ríkisin (2 þ.t. CO2 íg.)

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

S.6.B7 Orkuskipti í haftengdri starfsemi

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2020-2030

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Stefna verður að því að gera sömu kröfur á skipaflotann líkt og til stendur að gera á bíla. Þegar tækninni fleytir fram er mikilvægt að styðja við kaup á rafmagnsskipum sem og takmarka nýskráningu skipa sem ganga fyrir olíu. Það skuli enda með algjöru banni á nýskráningu jarðefnaeldsneytisskipa. Þangað til má áætla að þau verkefni sem orkusjóður styður séu til rannsókna og er þá mikilvægt að stjórn orkusjóðs sé með á nótunum hvað varðar tækniþróun erlendis svo þróunarvinna hér sé jákvæð viðbót við þá þróun. Þá er einmitt mikilvægt að árangursmeta verkefni sem styrkt eru af orkusjóði.

S.6.B8 Lágmarkshlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa fiskiskipa og í innanlandssiglingum (42 þ.t. CO2 íg.)

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2028-2030

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Það vekur athygli að þessi aðgerð er á hugmyndastigi og ekki innan fjármálaáætlunar en er samt ætlað að skila umtalsverðum samdrætti. Aðgerðina þarf að útfæra betur svo hægt sé að leggja mat á áreiðanleika hennar.

S.7.A1 Eftirfylgni aðgerða úr heildarstefnu um úrgangsmál

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2023-2032

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Innleiðing á úrgangslöggjöf frá 2023 er vissulega í framkvæmd sem og ýmis starfsemi sem hér er talin upp. Rætt er um að halda áfram stuðningi og fylgja eftir aðgerðum úr “Stefnu um meðhöndlun úrgangs” og “Saman gegn sóun”. Samtökin myndu vilja sjá málaflokk úrgangsforvarna fá miklu meiri athygli og að þær aðgerðir sem farið verði í hafi mælanleg áhrif á neysluspor Íslendinga.

S.7.B1 Innleiða lög um flokkun úrgangsstrauma

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2023-()

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Þessari aðgerð á að vera lokið þar sem löginn komu til framkvæmda í byrjun árs 2023. Samt sem áður vantar upp á hjá mörgum sveitarfélögum og rekstraraðilum. Má sjá auglýsingu frá Terra á instagram, frá 4. júlí 2024 þar sem fyrirtæki eru hvött til þess að flokka lífrænt¹⁹. Orðavalið gefur til kynna litla alvöru en það er lagaleg skylda fyrirtækja og sveitarfélaga að aðskilja lífrænan úrgang frá öðrum. Því telja samtökin að setja verði fyrirtækjum og sveitarfélögum stóllinn fyrir dyrnar og ákveða einhvern tímafrest þar sem dagsektum eða öðrum samskonar aðferðum verði beitt. Þá er mikilvægt að öll sveitarfélög og sérstaklega þau sem verða fyrir mestum kostnaði vegna vegalengda og dreifbýli geti sótt styrk í Úrvinnslusjóð fyrir þeim kostnaði sem af hlýst þegar farið er að lögnum því það kostar vissulega meira að sækja fleiri flokka en á móti sleppur sveitarfélagið við umfangsmikla urðun sem kemur til með að borga sig til framtíðar.

S.7.B2 Hagrænir hvatar vegna úrgangsstrauma

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2025

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Í síðustu aðgerðaáætlun var urðunarskattur samþykktur af ríkisstjórninni. Það vekur því furðu að skatturinn ratar ekki í aðgerðaáætlun þessa. Þar má sérstaklega nefna að það sem helst stóð í vegi fyrir urðunarskatti áður var sú staða að ekki var nein mæling á því hversu mikill úrgangur myndist á hverju heimili og í hverju fyrirtæki. Í lögnum sem tóku gildi 1. Janúar 2023 er hins vegar kveðið á um að rukka eigi í takt við magn úrgangs. Flest sveitarfélög hafa farið þá leið að rukka eftir rúmmáli og bjóða upp á smærri tunnur á ódýrara verði. Eru þar með komnar forsendur til þess að endurvekja aðgerðina um urðunarskatt. Hægt væri að veita fjármununum aftur í málaflokkinn og má þar nefna að meðhöndlun lífræns úrgangs er með þeim dýrari og sérstaklega þar sem ekki er hægt að sækja mótframlag í Úrvinnslusjóð. Samt sem áður eru afurðir meðhöndlunarinnar, molta og metan, mikil verðmæti. Er þar kjörið tækifæri til þess að útbúa fjárhagslega hvata til þess að sérsafnaður lífúrgangur skili sér á rétta staði og lækka þannig það gjald sem leggst á almenning. Einnig er hægt að líta á það sem aðgerð til að stuðla að því að umskiptin séu réttlát.

S.7.B3 Innleiða bann við urðun lífúrgangs (51 þ.t.CO2 íg)

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2023-2023

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Aðgerð þessi er hluti af sömu lögum og aðgerð S.7.B1 byggir á. Aðgerðinni ætti nú þegar að vera lokið, bæði samkvæmt tímalínunni en einnig þvísérsofnun lífúrgangs er skylda en ekki er allsstaðar farið eftir því. Á því umsögnin um þá aðgerð vel við hér líka. Samtökin hvetja stjórnvöld til að láta ekki staðar numið heldur setja aukinn kraft með tímanum til þess að þrýsta

¹⁹Terra, *Við hvetjum öll fyrirtæki til að flokka matarleifar í sínu fyrirtæki*. 4. Júlí 2024.
<https://www.instagram.com/p/C89Nd8vpdEo/>

á að þessum lögum sé framfylgt. Þá má benda á að aðgerðin á að skila töluverðum samdrætti en á jafnframt að vera lokið en ekki er ljóst hvort þessum samdrætti hafi þegar verið náð eða ekki.

S.7.B4 Innleiða bann við urðun lífræns úrgangs

Staða: Fyrirhugað Tímabil: 2028-()

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Samtökin hvetja stjórnvöld til að hugsa fram í tímann og byrja strax að kortleggja í hvaða farvegi upptaldir lífrænir úrgangsstraumar geta farið og hvað það muni kosta. Ljóst er að margar þeirra lausna sem þörf er á eru kostnaðarsamar, líkt og sú aðgerð sem hér fylgir í kjölfarið.

S.7.B5 Samvinnuverkefni um uppbyggingu líforkuvers (1,9 þ.t. CO2 íg.)

Staða: Fyrirhugað

Tímabil: 2024-2028 Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Mikið fagnaðarefni er að til standi að koma á fót líforkuveri til að taka á móti þeim lífræna úrgangi sem ekki getur farið annan farveg vegna áhættuflokkunar.

S.7.B6 Samvinnuverkefni um uppbyggingu brennslustöðva (23. þ.t. CO2 íg)

Staða: Fyrirhugað Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Aðgerðin er mikilvæg því alltaf mun verða einhver úrgangur sem þarf að brenna eins og til dæmis frá sjúkrahúsum og sláturhúsum. Mikilvægt er að brennslustöðin verði ekki of stór svo ekki þurfi að framleiða eða flytja inn úrgang til að fylla upp í hana. Furðu vekur að við fjármögnunina stendur “á ekki við” en líklegt er að uppbygginging geti verið kostnaðarsöm. Ef ekki fyrir ríkið, þá fyrir sveitarfélögin. Ekki er sanngjarnt að gera lítið úr þeim kostnaði sem sveitarfélögin verða fyrir.

Athugasemdir við aðgerðir undir Viðskiptakerfi

Samtökin gera athugasemdir við orðræðu í texta á bls 27. Áframléiðsla er neikvæð fyrir umhverfið, frá vöggju til grafar og því er afar villandi að tala um vistvænt ál. Það sama á við um sjálfbært ál. Framleiðslan byggir á uppgreftri baxíts, flutninga hingað og mikillar orkunotkunar en orkuöflun er ekki án neikvæðra áhrifa á lífríki og náttúru þótt um sé að ræða endurnýjanlega orkugjafa eins og vatnsafl. Leggja verður áherslu á að endurvinnna ál en þróunin hlýtur að leiða þangað þar sem baxít er ekki óþrjótandi auðlind.

V.1.B1 Innleiðing á uppfærðu ETS-kerfi

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2021-2030

Staða fjármögnunar: Innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Um er að ræða innleiðingu á samevrópsku viðskiptakerfi. Ekki eru gerðar athugasemdir við það nema að mögulega eigi aðgerðin ekki heima innan aðgerðaáætlunarinnar þar sem þessi innleiðing mun sjálfkrafa fara í sinn rétta farveg.

V.1.B2 Setja upp áætlun sem raungerir föngun frá staðbundnum iðnaði

Staða: Samþykkt Tímabil: 2020-2024

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Til að hægt sé að nýta kolefnisútbástur frá stóriðju til rafeldsneytisframleiðslu eða til niðurdælingar þarf bæði að fanga útblásturinn og hreinsa hann. Tæknin til þess er til staðar en er kostnaðarsöm. Á meðan ekki er gerð skýlaus krafa á fyrirtækin að fanga og hreinsa sína losun eða þá að fjárstuðningi sé veitt till verkefnisins, má vænta að ekki verði farið í aðgerðirnar. Uppsetning á áætlun getur verið ágæt en er ekki líkleg til að ná árangri sínum fylgi ekki fjármunir eða kröfur um föngun og hreinsun útblásturs í kjölfarið.

V.2.A1 Uppbygging varaflugvalla

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2023-()

Staða fjármögnunar: Innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Samdráttur af aðgerðinni er óljós. En kostnaður getur verið töluverður. Þessa aðgerð þarf að kostnaðar og ábatameta.

V.2.A2 Orkunýtnari flugferlar innleiddir

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2024-2025

Staða fjármögnunar: Innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Með því að koma upp hagkvæmari orkunýtni flugvéla minnkar losun á hvern farþega. Það er hins vegar þekkt þróun flugs að eftir því sem það hefur orðið hagkvæmara, hefur flug

aukist á móti. Þetta nefnast endurkasts-áhrif eða rebound effect á ensku. Því er ekki líklegt að slíkt leiði til samdráttar nema fjölda farþega séu settar einhverjar skorður.

V.2.B2 Þátttaka í alþjóðlegum kerfum um samdrátt í losun frá flugi

Staða: Í framkvæmd Tímabil: 2007 (ETS) / 2021 (CORSIA)-()

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Því er vel að Ísland taki þátt í þessum kerfum. Þar að auki krefjast samtökin að stjórnvöld hætti niðurgreiðslum á jarðefnaeldsneyti með því að veita flugfélögum gjaldfrjálsar losunarheimildir af þeim sem íslensk stjórnvöld hafa til umráða og gætu haft töluverðar tekjur af. Það er til háborinnar skammar að Ísland stundi slíkar niðurgreiðslur.

V.2.B3 Þrepaskipt krafa um lágmarkshlutdeild sjálfbærs flugvélaeldsneytis (78 þ.t. CO₂)

Staða: Fyrirhugað Tímabil: 2024-()

Staða fjármögnunar: Á ekki við

Um er að ræða kröfu frá ESB. Ekki er gerð athugasemd við framfylgd hennar.

V.2.B6 Stefnumótun stjórnvalda um orkuskipti í millilandaflugi

Staða: Á hugmyndastigi Tímabil: 2024-2030

Staða fjármögnunar: Ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Samtökin fylgjast með þróun mála og hlakka til að sjá niðurstöðu starfshópsins.

Athuagsemdir við aðgerðir undir Landnotkun

L.1.A1 Framkvæmdaáætlun um bættu landnýtingu í þágu loftslagsmála á jörðum í eigu ríkisins og á þjóðlendum

Staða: á hugmyndastigi

Staða fjármögnunar: ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Við stiðjum þessa aðgerð í grófum dráttum þar sem mikilvægt er að ríkið gangi á undan með góðu fordæmi og hafi hraðar hendur þegar kemur að því að öll landnýting sé skipulögð í samræmi við loftslagsmarkmið og markmið um verndun lífríkis. Þó þarf að tryggja að aðgerðin takmarkist ekki við gerð framkvæmdaáætlunar heldur að áætlunin verði fjármögnuð að fullu og henni verði fylgt eftir og ráðist í allar framkvæmdirnar innan tímaramma sem nær að stuðla að loftslagsmarkmiðum okkar fyrir árið 2030 og 2040.

L.1.A2 Hvatar í stuðningskerfi ríkisins fyrir einkalönd

Staða: í framkvæmd

Staða fjármögnunar: innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Hér er um að ræða algjöra lykilaðgerð. Nauðsynlegt er að endurgerð búvörusamninga fyrir árið 2026 hafi markmið þessarar aðgerðar að leiðarljósi því breyta þarf framleiðslutengdum styrkjum til landbúnaðar eins og Ungir umhverfissinnar hafa margsinnis bent á til að taka fyrir það að almannafé sé nýtt til að niðurgreiða greinar sem hafa skaðleg áhrif á loftslagið og lífríki. M.a. þyrfti að endurheimta allt framræst votlendi sem ekki er í virkri ræktun og mætti stuðla að því með styrkjum; friða þarf illa farin beitarlönd fyrir beit; og binda þarf enda á lausagöngu búfjár. Þessi aðgerð þarfnast skýrari tímaramma, ekki er boðlegt að verkþættirnir séu algjörlega óskilgreindir hvað varðar tímasetningar þeirra. Vinna þarf þessa aðgerð í góðu samræmi við aðgerð S.4.A3.

L.1.A3 Heildstæð áætlun um bætt gögn og upplýsingar í losunarbókhaldi Íslands

Staða: í framkvæmd

Staða fjármögnunar: ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Þetta er mikilvæg aðgerð en spýta þarf í lófana ef nást á að vinna umbótaáætlun sem á að hefjast núna árið 2024. Líklegast þarf að fjölga stöðugildum hjá Landi og skógi og/eða Umhverfisstofnun í þeim teymum sem bera ábyrgð á losunarbókhaldi Íslands til að þessi aðgerð verði að veruleika. Hafa þarf hraða hendur í þeim efnum.

L.1.B1 Endurheimt votlendis á jörðum í eigu ríkisins

Staða: á hugmyndastigi

Staða fjármögnunar: innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Endurheimt votlendis á jörðum í eigu ríkisins er gríðar mikilvæg aðgerð þar sem það er nauðsynlegt að ríkið setji gott fordæmi hvað varðar endurheimt votlendis. Aftur þarf þó að skýra

mun betur tímaramma verkþáttanna sem taldir eru upp til að tryggja fyrirsjáanleika og gæta þess að þeim árangri sem er áætlað að verði náð verði í raun náð fyrir árið 2030.

L.1.B2 Mótun aðferðafræði fyrir framleiðslu vottaðra kolefniseininga með endurheimt votlendis

Staða: í framkvæmd

Staða fjármögnunar: innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Mikilvægi þessarar aðgerðar er mikið²⁰. Skoða þarf vel hvaða vinna er nú þegar í gangi sem tengist þessari aðgerð. Ný aðferðafræði er þegar í mótun héraðs á vegum ICR í samstarfi við Land og skóg og er langt komin. Það þarf að ekki sé verið að tvítaka sömu vinnuna.

L.1.C1 Vernd og endurheimt birkiskóga á jörðum í eigu ríkisins og á þjóðlendum

Staða: á hugmyndastigi

Staða fjármögnunar: innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Aðgerðin sem hér um ræðir er mjög mikilvæg en skýra þarf tímasetningar verkþátta. Einungis er tekið fram að aðgerðinni eigi að vera lokið fyrir 2030 en ekkert um hvenær skal hefjast handa sem er jú mikilvægasta skrefið til að aðgerðin komist á skrið.

L.1.C2 Ræktun skóga á jörðum í eigu ríkisins

Staða: á hugmyndastigi

Staða fjármögnunar: innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Við lýsum yfir miklum áhyggjum varðandi þessa aðgerð og teljum að mögulega ætti hún ekki heima í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Þessi aðgerð myndi líklega koma til með að nýta innfluttar ágengar trjátegundir sem gætu unnið gegn markmiðum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands varðandi verndun og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni.

L.1.C3 Endurheimt vistkerfa á röskuðu landi á jörðum í eigu ríkisins og á þjóðlendum

Staða: á hugmyndastigi

Staða fjármögnunar: innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

Slík endurheimt vistkerfa er mjög mikilvæg en tryggja þarf að nógu margir sérfræðingar séu starfandi innan viðeigandi stofnana til að þessi aðgerð verði að veruleika innan setts tímaramma.

L.1.C6 Aukin þekking og sjálfbær notkun viðarafurða

Staða: á hugmyndastigi

Staða fjármögnunar: innan ramma nágildandi fjármálaáætlunar

²⁰ Áskoranir og tækifæri í endurheimt votlendis á Íslandi: greining á sjónarmiðum hagaðila landbúnaðarins og tillögur að úrbótum. Landgræðslan, 2022. <https://land.is/askoranir-og-taekifaeri-i-endurheimt-votlendis/>

Alls óvíst er hvort aukin notkun innlendra viðarafurða hafi í för með sér jákvæð áhrif hvað varðar samdrátt í losun eða bindingu kolefnis. Þessi aðgerð ætti því einungis að miða að því að efla rannsóknarstarfsemi til að auka þekkingu um kosti og galla notkunar á innlendum viðarafurðum.

L.1.D2 Greining á regluverki til verndunar kolefnisríkum vistkerfum

Staða: á hugmyndastigi

Staða fjármögnunar: ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Þetta er fyrirmyndar aðgerð að nánast öllu leyti. Markmið hennar er skýrt, verkþættirnir eru skýrir og ítarlegir, og tímaramminn er skýr þar sem áætlað er að klára eigi að framkvæma aðgerðina strax á næsta ári. Fleiri aðgerðir mættu vera jafn vel skilgreindar og tímasettar og þessi.

L.1.D3 Landshluta- og svæðisáætlanir í landgræðslu og skógrækt

Staða: í framkvæmd

Staða fjármögnunar: innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Hér mætti endurskoða hvort skógrækt ætti heima innan ramma aðgerðarinnar. Endurheimt náttúrulegra skóga er mikilvægt verkefni sem ríkið þarf að sinna en annars konar skógrækt mætti í raun skilgreina sem búgrein sem óljóst er hvort ákjósanlegt sé að hið opinbera eigi að sinna.

L.1.D4 Viljayfirlýsing um samstarf á sviði verndar og endurheimt kolefnisríkra vistkerfa

Staða: á hugmyndastigi

Staða fjármögnunar: ekki innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Hér er góð aðgerð og er traustvekjandi að sjá að það eigi að ráðast í hana strax og klára á næstu rúmu 12 mánuðunum. Vinnan sem kemur í kjölfar þessarar viljayfirlýsingar er þó mikilvægasti liðurinn og þarf að tryggja að ráðist verði í næstu skref sem allra fyrst eftir undirritun viljayfirlýsingar.

L.1.D5 Endurskoða leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana

Staða: á hugmyndastigi

Staða fjármögnunar: á ekki við

Þetta er mikilvæg aðgerð en hún mætti ganga lengra. Í kjölfar þessarar endurskoðunar mætti einnig uppfæra formlegra regluverk heldur en einungis leiðbeiningar, t.d. m.t.t. Hámark leyfilegs rasks og viðurlaga ef leiðbeiningunum er ekki fylgt. Svo er það óskýrt hvers vegna liðurinn „staða fjármögnunar“ er skilgreindur sem „á ekki við“. Væntanlega er þörf á allmörgum vinnustundum frá sérfræðingi/sérfræðingum á þessu sviði til að aðgerðin verði að veruleika og má ekki bæta þessu verkefni ofan á þá vinnu sem sérfræðingar viðeigandi stofnana eru þegar að sinna án þess að bæta við stöðugildum; slíkt stuðlar að minni gæðum afurða og aukinni streitu starfsfólks sem þegar er mikil á þessu sviði.

Athugasemdir við Þverlægar aðgerðir

Þ.1.A5 Útvíkkun og möguleg hækkun kolefnisgjalds

Staða aðgerðar: Í framkvæmd

Staða fjármögnunar: Innan ramma núverandi fjármálaáætlunar

Kolefnisgjald hefur verið hækkað umtalsvert síðustu ár en það er lagt á gas- og dísilolíu, bensín, brennsluolíu og jarðolíugas og annað loftkennt vetniskolefni. Samkvæmt greiningum frá 2019 og 2020 sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um áhrif kolefnisgjalds á eldsneytisnotkun heimila og fyrirtækja á Íslandi minnkar notkun jarðefnaeldsneytis í samræmi við hækkun kolefnisgjalds. Ef verð á eldsneyti hækkar um 1% draga heimili úr notkun þess um 0.35% að jafnaði en fyrirtæki um 0.30%. Því þarf nokkuð háan kolefnisskatt ef draga á verulega úr notkun á jarðefnaeldsneyti samhliða öðrum valmöguleikum.

Samtökin benda á að gæta verður að því að olíuverð á dælu lækki ekki með niðurfellingu á olíugjaldi og er þar tilvalið að hækka kolefnisgjaldið því sem olíugjaldinu nemur.

Þá styðja samtökin útvíkkun gjaldsins og benda á kolefnisgjald sem Danir hyggjast leggja á losun frá landbúnaði.

Þ.2 Samfélagslegir hvatar til umskipta

Menntun og hæfni

Landvernd og Ungir Umhverfissinnar eru sammála um að menntastofnanir spila lykilhlutverk í loftslagsmálum. Hins vegar er hlutverk menntunar skilgreint of þröngt í þessum texta. Skýrt þarf að koma fram að með menntun til sjálfbærni og loftslagsmenntun er markmið að efla hæfni og getu einstaklinga til að stuðla að umbreytingu og sjálfbærri þróun innan samfélaga. Þar með er verið að valdefla einstaklinga og samfélagið til hugarfars- og hegðunarbreytingar og til þess að stuðla að kerfisbreytingum. Mikilvægt er að menntun sé ekki einungis skilgreind m.t.t. ungs fólks heldur þarfnast allir aldurshópar samfélagsins menntunar um loftslagsmál.

Samfélagsvitund

Mikilvægt er að upplýsingar byggji á vísindalegum og faglegum grunni. Til viðbótar við upplýsingagjöf er mikilvægt að valdefla allt samfélagið og efla getu til aðgerða.

Réttlát umskipti

Vakin er athygli á því að til þess að stuðla að hnattrænu réttlæti er ekki nóg að styðja við þróunarríki í loftslagsmálum heldur þarf markvisst að draga úr neikvæðum smitáhrifum og arðráni auk þess að minnka markvisst neysludrifna losun gróðurhúsalofttegunda ríkra landa eins og Íslands.

Þ.2.A1 Útfæra og innleiða áherslur um loftslagsvæna skóla, námskrár og kennaramenntun

Staða aðgerðar: Í framkvæmd

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Landvernd og Ungir Umhverfissinnar fagna mjög áherslum á aukna loftslagsmenntun og menntun til sjálfbærni og að Grænfánaverkefnið Landverndar er nefnt til þess að gegna lykilhlutverk í því. Grænfánaverkefnið hefur ekki einungis alþjóðlega viðurkenningu sem helsta innleiðingartæki á menntun til sjálfbærni í heiminum heldur sýnir 23 ára langa reynsla hérlendis það sama og hversu vel verkefnið er í stakk búið til þess að sinna skólum í vegferð sinni að markvissri loftslagsmenntun og menntun til sjálfbærni. Grænfánaverkefnið er heildstæð nálgun fyrir skólar á öllum skólastigum.

Í aðgerðalýsingu kemur fram að Ísland tekur þátt í verkefni á vegum UNESCO um Greening Education Partnership. Benda skal á að „Foundation for Environmental Education (FEE) sem rekur Grænfánaverkefnið á alþjóðlega vísu er formlegur samstarfsaðili í Greening Education Partnership. Þar með mun Grænfánaverkefnið gegna formlegu hlutverki í að raungera Greening Education.

Vakin er athygli á fjölbreyttu námsefni á vegum grænfánaverkefnis sem er nú þegar til: <https://graenfaninn.is/namsefni/>. Í sambandi við kennaramenntun er sérstaklega bent á ítarleg handbók um menntun til sjálfbærni fyrir kennara: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/menntun_til_sjalbbaerni/

Uppfæra þarf heiti á Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins sem hafa verið sameinað í Land og skóg. Undir verkþætti 1. er verkefni nefnd undir heitinu Ungir umhverfisblaðamenn. Rétt heiti á þessu verkefni er Umhverfisfréttafólk

Athugasemd er gerð að ákveðnu orðanotkun eins og loftslagsvæn námskrá, loftslagsvæn kennaramenntun og loftslagsvænt menntakerfi. Ekki er til skilgreining á því hvað loftslagsvænt þýðir í þessu samhengi. Þannig er hætt á því að orðið loftslagsvænt verði merkingarlaust og þar með stuðlað að upplýsingaróreiðu og grænpvotti. Í staðinn værir betra að segja í þessu samhengi að móta verði námskrá/kennaramenntun/menntakerfi með mikla áherslu á loftslagsmenntun og menntun til sjálfbærni.

Þ.2.A2 Efla hlutverk háskólanna í sjálfbærum umskiptum

Staða aðgerðar: Í framkvæmd

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Landvernd og Ungir Umhverfissinnar eru ánægð með að efla eigi hlutverk háskólanna í sjálfbærum umskiptum. Í stuttu lýsingu stendur: Beita árangurstengdri fjármögnun háskólastigsins til að stuðla að aukinni sjálfbærni og langtímahagvexti byggðum á hugviti og þekkingu. Athugasemdir eru gerðar við það að blanda hagvexti inn í þetta mál. Hingað til hefur aukinn hagvöxtur leitt til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda auk þess að ósamræmi er milli stefnu um aukin hagvöxt og sjálfbæra þróun. Ekki er hægt að nefna þetta tvennt sem sameiginlegt markmið og alls ekki eigi að leggja það á menntun að hún eigi að stuðla að hagvexti. Gott væri að leggja meiri áherslu á þverfaglega menntun.

Þ.2.A3 Framhaldsfræðsla í þágu loftslagsmála

Staða aðgerðar: Fyrirhugað

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Í stuttu lýsingu stendur: Þróa þarf námsfyrirkomulag í sí- og endurmenntun sem auðveldar sjálfbær umskipti með þjálfun starfsfólks til að mæta breyttum hæfniskröfum og markaðsforsendum. Landvernd og Ungum Umhverfissinum finnst ekki við hæfi að blanda markaðsforsendum inn í lýsingu á framhaldsfræðslu.

Gerð er athugasemd við það að nefnt er að fræðslan og menntun sé fyrir fullorðið fólk með stutta skólagöngu. Það þurfa allir að mennta sig meira í þessum geira alveg sama hvort það hefur langa eða stutta skólagöngu.

Samtökin vilja jafnframt benda á hlutverk sitt í fræðslu almennings um loftslags- og sjálfbærnimál. Nú þegar er mikil fræðsla í gangi hjá samtökunum sem gott væri að efla og útvíkka.

Þ.2.B2 Endurspegla áskoranir loftslagsmála í sjóðakerfi

Staða aðgerðar: í framkvæmd. Upphaf og endir: 2021-()

Staða fjármögnunar: Innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Samtökin benda á að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið veitir ekki lengur styrki til verkefna á málefnasviði ráðuneytisins. Þá hefur verið bið eftir rekstrarstyrkjum sem veita á í upphafi árs en árið 2024 voru þeir auglýstir og þeim úthlutað í maí. Þá voru Orkusjóður og Loftslagssjóður sameinaðir en hlutverk þeirra ólík og hætta á að fræðlustyrkir tynist í víðri starfsemi sjóðsins.

Landvernd hefur gagnrýnt að gegnsæi hefur skort í Orkusjóð og vonar að bætt verði úr við sameiningar sjóðanna. Líta verður til reynslu frá Rannís sem hefur mikla reynslu af því að útteila fé úr samkeppnissjóðum. Þá hafa fjárhagslega burðug fyrirtæki fengið háa styrki af ríkisfé en aðrir losunarpættir en orka, eiga erfiðara með að afla sér fjár og erfiðara getur reynst að markaðsetja lausnir í þeim efnunum.

Orka er söluvara en samdrátturinn sem þarf að eiga sér stað í alls kyns neyslu er það ekki en báðir þættir eru mikilvægir til þess að ná árangri í loftslagsmálum. Að einblína á lausnir í orkumálum á kostnað annara þátta loftslagsmála er í hrópandi ósamræmi við stærð losunarpáttana og alvarleika málsins.

Samtökin leggja það til að fjölbreyttir styrki fyrir fjölbreytt verkefni verði tryggðir við endurskoðun styrkjaumhverfis og að gagnsæi og fagleiki verði í fyrirrúmi. Þá sé hlutverk almenningsamtaka ekki vanmetið við endurskoðun styrkjaumhverfisins og rekstrargrundvöllur náttúruverndarsamtaka verði tryggður líkt og kveðið er á í Árórsarsáttmálanum.

Þ.2.C1 Gagnaöflun og miðlun vegna loftslagsmála

Staða: í framkvæmd Upphaf og endir: 2024-2026

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Samtökin eru ánægð með þessar áherslur en vilja jafnframt benda á það að stjórnvöldin sjálf eru oft að nota hugtök og orðasambönd á óljósan hátt án nægilegar skilgreiningar, eins og kemur m.a. fram í þessari aðgerðaáætlun. Eins vilja samtökin benda á þeirra eigið hlutverk í fræðslu sem getur nýst til þess að ná þessum markmiðum. Formaður Loftslagsráðs hefur bent á það að það skortir að ákveðin stofnun eða aðili innan opinbera kerfisins beri formlega ábyrgð á miðlun um loftslagsmál fyrir hönd ríkisins.

Þ.2.D4 Samstarf ríkis og sveitarfélaga um kolefnishlutleysi og Þ.2.D5 Skipulagsgerð sem styður við markmið um kolefnishlutleysi

Aðgerðir þessar eru ómarkvissar á meðan kolefnishlutleysi hefur ekki verið skilgreint. Ekki er ljóst hvaða losun á að taka til og hvað í hlutleysinu felst.

Þ.2.E2 Smitáhrif landsins í þágu hnattrænnar ábyrgðar

Staða aðgerðar: Á hugmyndastigi

Mat á samdrætti: Á ekki við

Samtökin fagna þessari vinnu en vilja jafnframt benda á það að smitáhrifin þyrftu að fá miklu meira vægi í aðgerðaáætlun. Að draga úr neikvæðum smitáhrifum er stór hluti af vinnu til að minnka hnattræna losun, vinna að heimsmarkmiðum, hnattrænu réttlæti og loftslagsréttlæti. Því smitáhrifin eru órjúfanlegur hluti af sjálfbærri þróun, þ.m.t. loftslagsmál því réttlæti innan og milli kynslóða og hnattrænt réttlæti eru meðal grunngilda hennar. Allt tengist innbyrðis og ríki geta aldrei nálgast sjálfbærnimarkmið nema með því að draga verulega úr neikvæðum smitáhrifum.

Að taka inn neysludrifna losun í kolefnisbókhald og markvissa áætlun um að minnka slíka losun er öflugt skref fyrir Ísland til þess að stuðla að meiri loftslagsréttlæti og minnka smitáhrifin.

Þ.2.E3 Græni loftslagssjóðurinn

Staða aðgerðar: Í framkvæmd

Staða fjármögnunar: Að hluta innan ramma núgildandi fjármálaáætlunar

Samtökin fagna því að Ísland muni áfram veita fjármagni til stuðnings þróunarríkja vegna loftslagsvár. Samtökin telja mikilvægt að Ísland sem, ríkt land muni leggja frekari áherslur á aukið loftslagsréttlæti og taka meira mið af því í aðgerðaráætluninni. Eins og hefur komið fram hér að ofan þá eru mikilvægar aðgerðir í því að minnka smitáhrifin og að taka neysludrifið kolefnisspor inn í bókhald. Ef horft er á framtíðarspár vegna loftslagshamfara er ljóst að mikið óréttlæti á sér stað milli kynslóða. Það minnsta sem hægt er að gera núna er að núverandi kynslóð taki ábyrgð og fari í þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru.

Að lokum

Samtökin ætlast til þess að tekið verði tillit til þeirra athugasemda og þá sérstaklega þegar kemur að umfangi samdráttar og fjármagns. Samráðsleysi við umhverfisverndarsamtök og almenning á meðan mótuninni stóð var til þess fallið að mikilvægar athugasemdir frá náttúruverndarhreyfingunni, stéttarfélögum, neytendasamtökum og öðrum samtökum almennings koma seint inn og því **verður** að ígrunda vel framhaldið með tilliti til athugasemda þeirra. Samtökin bjóða fram aðstoð sína við áframhaldandi vinnu í loftslagsmálum. Ísland verður að standa við gefin loforð á alþjóðavísu og skapa sem besta framtíð fyrir okkur sjálf, viðkvæm samfélög utan Íslands og komandi kynslóðir.

Virðingarfyllst,

Þorgerður M Þorbjarnardóttir

Formaður Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir

Finnur Ricart Andrason

Forseti Ungra umhverfissinna

Finnur Ricart Andrason



LANDVERND



Ungir
Umhverfissinnar